

Ed.

586. Frumvarp til laga

[285. mál]

um heimild til að selja hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Pingeyjarsýslu.

Flm.: Valgerður Sverrisdóttir, Halldór Blöndal.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Baldvini Einarssyni, Engihlíð, Ljósavatnshreppi, hluta ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar í Ljósavatnshreppi, Suður-Pingeyjarsýslu.

Námuréttindi og réttur til efnistöku skulu undanskilin við sölu, sömuleiðis vatns- og hitaréttindi umfram heimilisþörf ábúanda Engihlíðar, ásamt nauðsynlegri aðstöðu til að hagnýta hin undanskildu réttindi.

Jarðarhlutann má ekki endurselja öðrum en ríkissjóði hvorki að hluta né í heild.

Náist ekki samkomulag um söluverð skal mat dómkvaddra manna ráða.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að ósk Baldvins Einarssonar bónda (kt. 031038-3599, nnr. 0938-6653), Engihlíð, Ljósavatnshreppi, Suður-Pingeyjarsýslu.

Fyrir alllöngu var ríkisjörðinni Þóroddsstað skipt í þrjú lögbýli: Þóroddsstað, sem er $\frac{7}{12}$ hlutar jarðarinnar, Staðarholt, sem er $\frac{2}{12}$ hlutar, og Engihlíð, sem er $\frac{3}{12}$ hlutar. Staðarholt hefur um margra ára skeið verið í eyði og nytjað með Þóroddsstað þannig að Þóroddsstað hafa í raun fylgt $\frac{3}{4}$ hlutar upphaflegu jarðarinnar, en Engihlíð $\frac{1}{4}$ hluti. Jörðin Engihlíð var seld af ríkinu með afsali, dags. 19. desember 1975.

Við ábúendaskipti á Þóroddsstað árið 1984 ákvað jarðeignadeild landbúnaðarráðuneytisins að leiðrétta þáverandi margskiptingu jarðarinnar Þóroddsstaðar og óhagkvæm landskipti með því að sameina eyðibýlið Staðarholt jörðinni Þóroddsstað og auka nokkuð hlut Engihlíðar í upphaflegu landi Þóroddsstaðar með því að gefa eiganda og ábúanda Engihlíðar kost á að kaupa $\frac{2}{12}$ hluta úr upphaflegu landi Þóroddsstaðar. Að beiðni landbúnaðarráðuneytisins vann Stefán Skaftason, héraðsráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suður-Pingeyinga, tillögur að nýjum landskiptum milli jarðanna Þóroddsstaðar og Engihlíðar.

Hinn 10. desember 1987 undirrituðu eigandi Engihlíðar og landbúnaðarráðherra, f.h. jarðadeildar landbúnaðarráðuneytisins, landskipti á upphaflegu landi ríkisjarðarinnar Þóroddsstaðar. Byggjast hin nýju skipti jarðanna að verulegu leyti á tillögum Stefáns Skaftasonar héraðsráðunautar og eru í samræmi við breytingu á landnýtingu ábúanda jarðanna frá fardögum 1984. Ábúandi Þóroddsstaðar, Björgvin Björgvinsson, hefur fyrir sitt leyti samþykkt þá tilfærslu á mörkum jarðanna sem hér um ræðir. Þá hafa hreppsnefnd Ljósavatnshrepps og jarðanefnd Suður-Pingeyjarsýslu samþykkt endurlandskipti á jörðinni Þóroddsstað og enn fremur að eigandi Engihlíðar fái hluta Þóroddsstaðar keyptan. Jafnframt hefur Búnaðarfélag Íslands samþykkt landskiptin, sbr. ákvæði 3. mgr. 12. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. lög nr. 90/1984.

Ákvæði 2.–4. mgr. 1. gr. frumvarps þessa eru hliðstæð ákvæðum 3.–5. mgr. 38. gr. jarðalaga, nr. 65/1976, sbr. breytingu með lögum nr. 90/1984.